

# Auknar aðgerðir með tillit til skuldbindinga um að bæta greiningu á sykursýki og gæði meðferðar

28. – 29. nóvember 2023 | Belgrad, Serbía

## Yfirlýsing um auknar aðgerðir með tilliti til skuldbindinga um að bæta greiningu á sykursýki og gæði meðferðar

1. Við hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), sérhæfðri stofnun innan Sameinuðu þjóðanna, í gegnum svæðisskrifstofu okkar í Evrópu, og Evrópuskrifstofu Alþjóðasamtaka sykursjúkra (International Diabetes Federation (IDF)), sem eru frjáls regnhlífasamtök innlendra sykursýkisamtaka, höfum undirritað þessa yfirlýsingu sem var samin eftir leiðtogafund hátækniaðila um að hraða innleiðingu skuldbindinga til að bæta greiningu á sykursýki og gæði meðferðar, þar sem við staðfestum hlutverk okkar og fyrirmæli og höfum tekið höndum saman til að bjóða stuðning til aðildarríkja.
2. Við viðurkennum að aðildarríkin hafa staðið fyrir veigamiklum aðgerðum til að sporna við ótímabærum dauðsföllum og til að bæta greiningu og meðferð við sykursýki innan Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
3. Við minnum á eftirfarandi markmið og skuldbindingar:
  - Í 2030 áætlun Evrópusambandsins um sjálfbæra þróun 3 (2030 Agenda for Sustainable Development (SDG)), markmiði 4 um að lækka um einn þriðja ótímabær dauðsföll af völdum smitlausra sjúkdóma og markmiði 8 um að koma á fót altækri heilbrigðisþjónustu;
  - Samþykkt 74. Alþjóðaheilbrigðisþingsins (World Health Assembly) númer 74.4 um að minnka álag vegna smitlausra sjúkdóma með því að efla forvarnir og varnir gegn sykursýki;
  - 2030 alþjóðleg markmið fyrir sykursýki sem voru innleidd á 75. Alþjóðaheilbrigðisþinginu;
  - alþjóðlegar og evrópskar aðgerðaáætlanir um forvarnir og varnir gegn smitlausum sjúkdómum;
  - Ashgabat yfirlýsingin um forvarnir og varnir gegn á smitlausum súkdómum í tengslum við heilbrigðismál 2020;
  - Alþjóðlegt samkomulag WHO um sykursýki (WHO Global Diabetes Compact); og
  - fyrir aðildarríki Evrópusambandsins, samþykkt Evrópuráðsins um forvarnir, varnir og bættu meðferð við sykursýki innan Evrópusambandsins, í tilefni alþjóðlega sykursýkidagsins.

4. Við tökum eftir því að þrátt fyrir þessar skuldbindingar hefur fjöldi fólks sem lifir með sykursýki innan Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar haldið áfram að aukast. Samkvæmt áætlun IDF er þriðjungur fólks enn án greiningar og allt að helmingur hlýtur ekki fullnægjandi meðferð. Við lýsum yfir áhyggjum varðandi hraða og skilvirkni innleiðingarinnar.
5. Við leggjum áherslu á mikilvægi skilvirkra forvarna og bættrar meðferðar við sykursýki við þróun heilbrigðiskerfa sem búa yfir auknu viðnámsþoli og sjálfbærni.
6. Við staðfestum þær vaxandi áskoranir sem innlend heilbrigðiskerfi standa frammi fyrir á tímum „varanlegrar krísu“ og fjölda forgangsefna sem keppa hvert á móti öðru, sem dregur úr fjárfestingum og einbeitingu að gæðaforvörnum og tímanlegri meðferð við smitlausum sjúkdómum, svo sem sykursýki. Því köllum við kallað eftir staðfestingum á skuldbindingum sem gerðar hafa verið og aukinni áherslu á aðgerðir til að skila hraðari árangri í átt að markmiðum sem samþykkt hafa verið.
7. Við höfum áhyggjur af áhrifunum af öllum hættum sem steðja að áframhaldandi meðferð fólks með sykursýki og aðra smitlausa sjúkdóma og staðfestum að það verður fyrir hvað mestum áhrifum – til dæmis er fólk með sykursýki í aukinni hættu á að verða alvarlega veikt eða láta lífið af völdum kórónaveirusýkingar (COVID-19).
8. Við lýsum áhyggjum yfir því að fjöldi fólks með sykursýki eykst á sama tíma og hægt er að koma í veg fyrir sumar tegundir sykursýki og við tökum eftir því að í sífellt fleiri tilvikum þeirra sem lifa með sykursýki er um að ræða sterka tengingu við ófullnægjandi forvarnir gegn áhættuþáttum sem geta valdið sykursýki, svo sem yfirþyngd og offitu, óhollu matarræði, hreyfingarleysi og tóbaksnotkun. Þetta er einnig tengt félagslegri stöðu og áhrifum félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra heilsupátta.
9. Við viðurkennum mikilvægi heilðrænnar nálgunar ríkisstjórna og samfélagsins og þátttöku og samstarfs á milli hagsmunaaðila, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, aðila annarra en ríkja, svo sem IDF, og aðildarríkja til að setja saman innlendar, svæðisbundnar og alþjóðlegar áætlanir um forvarnir og varnir gegn sykursýki.
10. Auk þess viðurkennum við mikilvægi þýðingarmikils (með virðingu, reisn og jafnræði) samstarfs við fólk með reynslu við að skilja og leysa flókin vandamál í þeim tilgangi að hanna, innleiða, fylgjast með og meta viðeigandi lausnir í sameiningu.
11. Við fögnum verðmætu samstarfi við Evrópska sykursýkisráðið (European Diabetes Forum) og þeim áhrifum og möguleikum sem fylgja samstarfinu við aðildarsamtök þess.
12. Við viðurkennum mikilvægi sameinaðra aðgerða fyrir bættu heilsu í Evrópu og velferðarhagkerfi sem tryggir almennan aðgang að gæðaþjónustu án óþarfa þjáninga, sem setur fólk í forgang fyrir aðgang að þjónustu og leitast við að draga úr ójöfnuði í heilbrigðismálum, til að bæta jafnrétti í heilbrigðisþjónustu og skilja engan útundan, eins og lýst er í evrópskri vinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2020–2025.
13. Við staðfestum að ríkisstjórnir vita af þessum skuldbindingum og eru þegar að grípa til mikilvægra ráðstafana til að bregðast við þeim, en standa frammi fyrir umfangsmiklum áskorunum við innleiðingu. Því leitum við til aðildarríkja, í kjölfar umræðna á leiðtogafundinum, og köllum eftir frekari aðgerðum í samræmi við samþykkt Allþjóðaheilbrigðisþingsins númer 74.4:

- (1) að beita heildrænni nálgun ríkisstjórna og samfélagsins sem forgangsraða valkvæðu markmiðunum fimm fyrir sykursýki og offitu sem eru kjarni viðbragðanna;
- (2) að setja forvarnir og varnir gegn sykursýki í aukinn forgang í innlendum viðbrögðum við smitlausum sjúkdómum, meðal annars með því að vinna gegn offitu, fá tímabæra greiningu, meðhöndlun, meðferð og meðhöndlun á fylgikvillum, með tilliti til innlendar forgangsroðunar;
- (3) að efla stefnur, lög og reglugerðir, þar á meðal skattaráðstafanir eftir því sem við á, með það markmið að lágmarka áhrif helstu áhrifaþátta á sykursýki og hvetja til heilsusamlegs matarræðis og lífsstíls;
- (4) að auka vitund um álag sykursýki á heilbrigðiskerfi, séð út frá heilli ævi, og um sambandið á milli sykursýki, fátæktar og félagslegrar og efnahagslegrar þróunar, ásamt sambandinu á milli offitu og hættu á að fá sykursýki af tegund 2;
- (5) að tryggja áframhaldandi áherslu á að viðhalda háum gæðum í meðferð og meðhöndlun fyrir alla, óháð COVID-19 faraldrinum, þ.m.t. fólk með sykursýki, sérstaklega í millitekju- og lágtekjulöndum, og viðurkenna að nauðsynlegar forvarnir og varnir gegn sykursýki standa frammi fyrir hindrunum m.a. vegna skorts á almennu aðgengi að hágæða, öruggri, skilvirkri, hagkvæmri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, greiningum og heilbrigðistækni, ásamt alþjóðlegum skorti á heilbrigðisstarfsfólki með nauðsynlega hæfni;
- (6) að tryggja að innlendar áætlanir við forvarnir og varnir gegn smitlausum sjúkdómum feli í sér nauðsynleg ákvæði til að veita fólki með sykursýki hágæða, nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og greiði fyrir aðgang að greiningum og hágæða, öruggum, skilvirkum, hagkvæmum og nauðsynlegum lyfjum, m.a. insúlíni, lyfjum til inntöku gegn blóðsykursfalli og öðrum sykursýkilyfjum og heilbrigðistækni fyrir alla með sykursýki, í samræmi við innlendar aðstæður og forgangsmál;
- (7) að efla heilbrigðiskerfi og hágæða, samþætta og manneskjuvæna heilbrigðisþjónustu fyrir alla, heilsuupplýsingakerfi og nægilega marga hæfa, vel þjálfaða og útbúna heilbrigðisstarfsmenn, í samræmi við innlendar aðstæður;
- (8) að bæta forvarnir og varnir gegn sykursýki yfir alla ævina með því að draga úr breytanlegum og fyrirbyggjanlegum áhættuþáttum sykursýki, m.a. offitu og hreyfingarleysi, og bæta aðgang að öruggri, hagkvæmri, skilvirkri og hágæða nauðsynlegum greiningum, lyfjum og öðrum tengdum heilsuvörum;
- (9) að efla heilbrigði og vitund um heilbrigði, m.a. með því að veita aðgang að auðskildum og hágæða upplýsingum og fræðslu fyrir sjúklinga;
- (10) að efla eftirlit og mat á viðbrögðum við sykursýki, í gegnum landlæg eftirlitskerfi, m.a. kannanir, sem eru samþætt við fyrirliggjandi heilsuupplýsingakerfi; og með því að finna mikilvægustu svæðin fyrir rannsóknir á sykursýki;
- (11) að halda áfram samstarfi, í samræmi við innlenda og svæðisbundna lagaramma og aðstæður, við að bæta upplýsingagjöf til birgja um skráð sykursýkislyf og aðrar tengdar heilsuvörur.

14. Svæðisskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu og IDF Europe samþykkja að veita aðildarríkjum stuðning við að hraða aðgerðum við að uppfylla eða fara fram úr, ef við á, alþjóðlegum sykursýkismarkmiðum fyrir 2030:
- 80% þeirra sem eru með sykursýki fá greiningu;
  - 80% hafa góða stjórn á blóðsykrinum;
  - 80% þeirra með greinda sykursýki hefur góða stjórn á blóðþrýstingi;
  - 60% þeirra með sykursýki sem eru 40 ára eða eldri fá statínlyf; og
  - 100% þeirra með sykursýki af tegund 1 hafa aðgang að insúlíni og geta vaktað eigin blóðsykri á viðráðanlegu verði.
15. Við viðurkennum að til að ná góðum árangri er mikilvægt að fá samstöðu allra helstu hagsmunaaðila, sérstaklega fólks með sykursýki og það er í anda þessa samstarfs sem við leggjum fram þessa yfirlýsingu.